



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 310

Knattspyrnufélag Valur

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 310

Knattspyrnufélag Valur

Formáli

Knattspyrnufélagið Valur var stofnað hinn 11. maí árið 1911; stofnendur voru sex piltar úr KFUM sem allir höfðu starfað innan unglingadeildar KFUM í Reykjavík undir forystu séra Friðriks Friðrikssonar. Í öndverðu hlaut félagið nafnið Knattspyrnufélag KFUM en því var breytt í Val þegar árið 1911.

Félagið tók í fyrsta sinn þátt í Íslandsmótinu í knattspyrnu árið 1915 og atti þar kappi við Fram og KR en Valur varð Íslandsmeistari í fyrsta sinn 1930. Árið 1916 var stofnuð yngri deild í félaginu sem hlaut nafnið Væringjar og um 1940 fóru aðrar íþróttagreinar en knattspyrna smám saman að ryðja sér til rúms innan félagsins, þ.m.t. handknattleikur. Þá var handknattleiksdeild kvenna stofnuð innan Vals árið 1948 en fram að seinna stríði höfðu einungis piltar átt aðild að félaginu, aðallega vegna náinna tengsla við KFUM. Árið 1959 var tekin upp deildaskipting hjá félaginu og urðu þá til knattspyrnadeild, handknattleiksdeild og skíðadeild. Á sjöunda áratug 20. aldar var stofnuð sérstök badmintondeild og loks varð til körfuknattleiksdeild árið 1970.

Fyrsti knattspyrnuvöllur Vals var á Melunum en hann var tekinn af félaginu árið 1926. Nokkru síðar var félaginu úthlutað svæði við rætur Öskjuhlíðar, svonefndu Haukalandi, og þar var keppt frá 1935. Það var svo árið 1939 að gengið var frá kaupum á jörðinni Hlíðarenda við Öskjuhlíð, skammt frá gamla Valsvellinum. Þar var vígður malarvöllur árið 1949 og grasvöllur fjórum árum síðar. Íþróttahúsið við Hlíðarenda var tekið í notkun 1958 en það var fullgert árið 1960. Nýr grasvöllur í fullri stærð var vígður á Hlíðarenda árið 1981.

Nú er unnið að gríðarlegri uppbyggingu á Valssvæðinu í takt við nýtt deiliskipulag svæðisins. Í meginráttum felur það í sér að aðalleikvangur félagsins verður færður yfir á núverandi malarvöll, byggt verður nýtt og stærra íþróttahús með sambyggðri áhorfendastúku, þá skal einnig rísa ný tveggja hæða tengibygging sem tengir saman nýtt íþróttahús og eldri byggingar og lagður verður upphitaður gervigrasvöllur með fljóðljósum.

Skjöl Knattspyrnufélagsins Vals voru afhent Borgarskjalasafni Reykjavíkur til varðveislu af Lárusi Hólmi hinn 24. nóvember 2003. Þar var aðallega um að ræða fundargerðabækur en þó einnig ýmislegt annað á borð við gamlar keppnistreyjur. Hinn 29. nóvember 2005 bættust svo teikningar af knattspyrnuvöllum Vals á Melunum eftir Gísla Halldórsson við í safnið. Um er að ræða 4 velli sem byggðir voru á árunum 1911-1926. Þessar teikningar afhenti Þorsteinn Haraldsson Borgarskjalasafni en þær hafði hann sjálfur fengið hjá Gísla.

Skjalaskrá

Askja 1

Fundargerðabók stjórnar Knattspyrnufélagsins Vals 29. nóvember 1953 til 10. mars 1959.
Fundargerðabók stjórnar Knattspyrnufélagsins Vals 17. mars 1959 til 30. maí 1972.

Askja 2

Fundargerðabók stjórnar Knattspyrnufélagsins Vals 20. júní 1972 til 1. september 1975.
Fundargerðabók stjórnar Knattspyrnufélagsins Vals 22. september 1975 til 20. mars 1986.

Askja 3

Fundargerðabók aðalfunda Knattspyrnufélagsins Vals 25. nóvember 1964 til 26. apríl 1983.
Fundargerðabók aðalfunda Knattspyrnufélagsins Vals 28. mars 1984 til 3. maí 1999
(meðafylgjandi disklingur).
Lög Knattspyrnufélagsins Vals. Samþykkt 24. ágúst 1986.
Ljósrit af skýrslum stjórna nokkurra deilda innan Knattspyrnufélagsins Vals ásamt öðru smálegu.

Askja 4

Fundargerðabók knattspyrnudeildar Vals 19. nóvember 1959 til 28. nóvember 1961.
Fundargerðabók stjórnar knattspyrnudeildar Vals 29. nóvember 1970 til 23. apríl 1974.
Fundargerðabók badmintondeildar Vals 11. september 1967 til 26. nóvember 1980.
Fundargerðabók stjórnar badmintondeildar Vals 28. desember 1971 til 8. október 1980.
Sýningarvél Knattspyrnufélagsins Vals.

Askja 5

Félagsheimili Knattspyrnufélagsins Vals, efnahags- og rekstrarreikningar 31. desember 1969 til 30. september 1985.
Efnahags- og rekstrarreikningar Knattspyrnufélagsins Vals 15. mars 1960 til 30. september 1985.
Ársreikningur stjórnar Knattspyrnufélagsins Vals 1998 (útprint).
Ársreikningur Knattspyrnufélagsins Vals 1998 (útprint).

Askja 6

Vallarsjóður Knattspyrnufélagsins Vals 31. desember 1939 til 31. desember 1940.
Valsblaðið, efnahags- og rekstrarreikningar 31. desember 1969 til 31. desember 1981.
Víxlabók Knattspyrnufélagsins Vals fyrir árin 1984 og 1985.
Atelier- arkitekt, Björn Skaptason og Hildur Bjarnadóttir. Tillaga að minningarkapellu um séra Friðrik Friðriksson, án árs, 4 teikningar.
Valur, blað, 31. tbl. 1973.
Valur- FC. Magdeburg, Evrópukeppni, 13. september 1978, bæklingur.
Valur- Leikskrá, án árs.

Askja 7/böggull

Skuldabréf frá 1939, eigandi Magnús Ó Magnússon.
Ljósmynd. Vígsla Valsvallarins 1. september 1949.

Askja 8

Knattspyrnufélagið Valur 80 ára, gestabók 11. maí 1991.

Útgefið efni:

Valsblaðið 11. maí 1951 (40 ára afmælisblað).

Valsblaðið 11. maí 1956 (45 ára afmælisblað).

Valsblaðið 11. maí 1961 (50 ára afmælisblað).

Valur vængjum þöndum. Gefin út í tilefni 70 ára afmælis Knattspyrnufélagsins Vals 1981.
[Rv.] 1981.

Valsfréttir 1995, 60. tbl. *Einsetinn íþróttaskóli*.

Valsblaðið, 58. árgangur 2006.

Askja 9

Keppnistreyjur og legghlífar frá árinu 1935. Í annarri þeirra lék Egill Kristbjörnsson sem var þrisvar sinnum Íslandsmeistari með Val (1936, 1937 og 1938) og tvisvar sinnum Reykjavíkurstrojum (1937 og 1941).

Askja 10/böggull – Teikningaskápur skúffa 5

Teikningar af knattspyrnuvöllum Vals á Melunum eftir Gísli Halldórsson (4 stk.).

Skráð í nóvember 2006,
Magnús L. Magnússon